

Steingrímur í nefndaráli á Alþingi 3. desember 2008

„Þegar ákveðið var að sækja um lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum varaði undirritaður strax sterklega við að í þeirri ákvörðun og því ferli sem Ísland lenti þar inn í gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fælist jafnframt baneitruð tenging yfir í hina óleystu deilu um Icesave-reikningana. Þessu var í fyrstu neitað og sagt að ekki kæmi til greina að láta kúga okkur til uppgjafar í því deilumáli til þess eins að geta leitað á náðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Allt var þetta síðan gefið eftir af ríkisstjórninni. Það sem menn hafa í þessu sambandi kallað „lausn“ er í raun ekkert annað en uppgjöf, ósigur, tap.“

Steingrímur í nefndaráli á Alþingi 5. desember 2008

„Lánsumsókn íslenskra stjórnvalda hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum var haldið í gíslingu af ESB-ríkjum sem kröfðust þess að Íslendingar skuldbindu sig til að borga að fullu Icesave-reikningana. Með því má segja að íslensk stjórnvöld hafi með óréttmætum hætti látið nauðbeygja sig með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.“

Steingrímur í umræðum á Alþingi 5. desember 2008

„Ég vil láta það koma hér fram að eftir því sem við verðum í aðstöðu til að hafa áhrif á málin, þingmenn Vinstri grænna, verður það forgangsmálið af okkar hálfu á komandi misserum eða árum að reyna að borga Ísland út úr þessu prógrammi aftur.“

Steingrímur J. Sigfússon í aðsendri grein í Morgunblaðinu 24. janúar 2009

„Eins og lögfræðingar hafa bent á var hlutverk innlánatryggingakerfa samkvæmt reglum ESB/EES-svæðisins aldrei að takast á við allsherjar bankahrun [...]“

Fimmtudaginn 12. febrúar 2009

Jóhanna segir að metnaðarfullum markmiðum í áætlun ríkisins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) hefði ekki verið fylgt eftir af nægilegum krafti í síðustu ríkisstjórn, vegna ákvarðanafálmis og seinangangs. Þeirri vinnu verði nú hraðað.

Steingrímur fimmtudaginn 12. mars, 2009

„Nýjasta mat skilanefndar Landsbankans sem legið hefur fyrir núna um nokkurra vikna skeið, er að upp í þessa reikninga kunni að endurheimtast eignir ef þær verða losaðar, einkum kannski eftir 3 til 5 ár, þannig að eftir standi 70 til 75 milljarðar [...]. Það er rétt að upplýsa að það eru ekki allir aðilar jafn bjartsýnir á þetta mat eins og skilanefnd Landsbankans [...] Ég held að staðan sé einfaldlega sú og þannig er fyrir mælt af hálfu Alþingis að það eigi að halda þessum samningaviðræðum áfram og láta á þær reyna en þar með er að sjálfsögðu ekki sagt að það eigi að skrifa undir hvaða afarkosti sem er.“

Steingrímur í viðtalsþættinum Zetunni föstudaginn 23. mars 2009

„Ég treysti Svavari Gestssyni [formanni samninganefndar Íslands í Icesave-deilunni] og ég veit að hann er að gera góða hluti og ég lofa þér því að það er í sjónmáli að hann landi, og hans fólk, glæsilegri niðurstöðu fyrir okkur. Vonandi mun betri en lengi leit út fyrir að gæti orðið.“

Steingrímur sunnudaginn 24. maí 2009

„Það er búið að vinna mjög mikið í þessu máli og við erum nær því að láta þetta ganga upp núna heldur en nokkru sinni fyrr,“ segir Steingrímur um lausn á deilu við hollensk og bresk stjórnvöld vegna Icesave-reikninga Landsbankans. Ekki næst í Svavar Gestsson þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Mánudaginn 25. maí 2009

„Ég vil undirstrika það hér að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ræður ekki ferðinni,“ segir Jóhanna er hún flytur Alþingi skýrslu um efnahagshorfnar.

Svavar Gestsson í viðtali sem birtist í Morgunblaðinu sunnudaginn 31. maí 2009

„Við gerum ráð fyrir því að sjá til lands í þessu máli í næsta mánuði.“

Steingrímur mánudaginn 1. júní 2009

„Við gerum okkur vonir um að lánsþæfishorfnar verði metnar stöðugar þegar þessi stóru mál sem eru í gangi hafa verið leyst.“

Steingrímur á Alþingi mánudaginn 8. júní 2009

Samkvæmt minnisblaði sem íslensk og hollensk stjórnvöld undirrituðu 11. október síðastliðinn átti lán Hollendinga vegna Icesave-reikninganna að vera aðeins til tíu ára, bera 6,7% vexti og afborgunarlaust fyrstu þrjú árin, en af þeim skyldu vextir borgaðir, að sögn Steingríms.

„Þessi draugur hefur fylgt okkur æ síðan,“ sagði hann og vísaði þar til viðræðna Íslands við Breta og Hollendinga eftir að ný samninganefnd var skipuð í febrúar. Síðast hefði minnisblaðinu verið veifað á hádegi sl. fimmtudag til marks um að vaxtakjör ættu að vera önnur og óhagstæðari en niðurstaðan varð síðar um, eða 5,55%.

Jóhanna Sigurðardóttir 30. júní 2009

„Það er sannfæring mín að þegar farið hefur verið yfir þessi gögn muni það sýna að ríkisstjórninni var nauðugur einn kostur að gera þessa samninga. Það var ekki hægt að víkjast undan því.“

Steingrímur þriðjudaginn 30. júní 2009

„Annað hvort vildirðu byggja álverið eða ekki. Icesave-vandinn verður hins vegar ekki úr sögunni ef við höfnum samningnum. Hvað tekur þá við? Þetta er mál af því tagi sem er mjög flókið að leggja fyrir. Ég verð að játa mig dálítið sigraðan í því hvernig ætti að leggja kostina fyrir kjósendur.“

Steingrímur föstudaginn 3. júlí 2009

Steingrímur segir óumflýjanlegt að tryggja ríkisábyrgð á Tryggingasjóðnum vegna þess að ríkisvaldið hafi þegar í nóvember árið áður skuldbundið ríkið til þess að taka á sig þessar skuldbindingar. „Skaðinn er skeður.“

Steingrímur þriðjudaginn 28. júlí 2009

„Það eru þrír dagar til stefnu í byrjun ágúst. Ef það næst ekki fyrir þann tíma kemur hlé hjá sjóðnum fram undir lok ágúst. Þannig að það verður þá mjög bagalegur dráttur á öllu okkar prógrammi ef sú verður niðurstaðan.“

Steingrímur sunnudaginn 16. ágúst 2009

Steingrímur segir að afgreiðsla Alþingis á frumvarpi um ríkisábyrgð Tryggingasjóðs innistæðueigenda vegna Icesave-reikninga Landsbankans verði kynnt Bretum og Hollendingum, þegar hún liggja fyrir, og vonir séu bundnar við að þeir taki hana góða og gilda. „Við vonum að þetta sé farsæl niðurstaða í málinu, farsælar lyktir á því. Við vonum að þetta sé lending í málinu en ekki eitthvað annað.“

Steingrímur mánudaginn 17. ágúst 2009

„Þess vegna eigum við ekki að gefa okkur fyrirfram að af einhverri meinbægni í okkar garð muni menn reyna að bregða fæti fyrir það að við getum staðið við okkar skuldbindingar.“

Jóhanna þriðjudaginn 19. ágúst 2009

Umræður um Icesave-frumvarpið, með fyrirvörum fjárlaganefndar, hefjast. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra vonast til að hægt verði að afgreiða málið fyrir vikulok, þegar stefnt er að því að þinginu ljúki. „Þegar Icesave-samningurinn verður samþykktur á Alþingi verður fljótlega unnið að afgreiðslu láns Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þegar þessi mál eru í höfn erum við að stíga yfir stóran þróskuld sem hefur verið í vegi fyrir endurreisninni.“

Jóhanna föstudaginn 28. ágúst 2009

„Fáum blandast lengur hugur um að lausn Icesave-málsins er forsenda fyrir því að Íslendingar komist áfram með áætlanir um endurreisn efnahagslífsins eftir banka- og gjaldeyrishrun.“

Steingrímur þriðjudaginn 1. september 2009

Aðspurður segir Steingrímur Ísland ekki vera komið á dagskrá AGS en bjartsýnustu spár geri ráð fyrir að sjóðurinn afgreiði lán til Íslendinga um miðjan september. „Við höldum í þá von að þetta verði í septembermánuði,“ segir hann en tefjist afgreiðsla lánsins er hætta á að áætlanir Seðlabankans um að afnema gjaldeyrishöft 1. nóvember frestist.

Steingrímur í viðtali sem birtist í Morgunblaðinu sunnudaginn 6. september 2009

„Það eru bara óraunhæfar kröfur að ætlast til þess að komið sé heim með lítinn og sætan samning, þegar verið er að leysa stórt og vont mál. Það þýðir ekkert að reynast við að reyna að gera þá að sökudólgunum í þessu máli, sem voru að reyna að leysa það [...] Já og nei. Ef þeir hafna fyrirvörunum alveg og málið verður í algjörrri upplausn, þá höfum við auðvitað velt því fyrir okkur hvað væri til ráða. Ég held að þá væri komin upp staða sem við myndum ekki ráða við, án einhvers konar utanaðkomandi stuðnings [...] Það yrði mikil upplausn í okkar málum, ef allt prógrammið sem unnið hefur verið eftir, samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, lánin frá hinum Norðurlöndunum og fleirum til að styrkja gjaldeyrisforðann, sigldi einfaldlega í strand.“

Steingrímur föstudaginn 18. september 2009

Spurður hvort Íslendingar séu að brenna inni í málinu minnir Steingrímur á að komið sé fram yfir miðjan september. „Okkur er það brýn nauðsyn að koma hlutunum hér áfram og það er margt þessu tengt.“

Jóhanna laugardaginn 26. september 2009

„Tefjist lyktir málsins enn um sinn gæti sú töf orðið okkur sem ríki og sem þjóð jafndýrt ef ekki dýrara en sjálf Icesave-skuldin vegna versnandi lánskjara og tafa á endurreisn efnahags- og viðskiptalífs. Það er heldur ekkert launungarmál að efnahagsáætlun okkar með stuðningi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gæti verið í uppnámi.“

Jóhanna sunnudaginn 18. október 2009

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir á blaðamannafundi að hún teldi niðurstöðuna ásættanlega og að ekki hefði verið lengra komist með málið. „Það er alveg ljóst í okkar huga að hagsmunir íslensku þjóðarinnar eru meiri að klára þetta mál, eins langt eins og við gátum komist með það, heldur en að skilja málið eftir í uppnámi.“

Úr frétt Morgunblaðsins mánudaginn 19. október 2009

Fjármálaráðherra undirritar sérstakan samþykktar- og viðaukasamning Íslendinga, Breta og Hollendinga vegna Icesave-samkomulagsins í dag auk þess sem frumvarp um ríkisábyrgðina verður lagt fyrir Alþingi. Í framhaldinu leggja fjármálaráðherrar landanna þriggja fram sameiginlega yfirlýsingu um málið. „En málið er svo þaulrætt og rannsakað að það á auðvitað að flýta fyrir. Þetta eru tiltölulega einfaldar breytingar sem nú eru gerðar.“

Jóhanna í umræðum um Icesave-málið á Alþingi fimmtudaginn 26. nóvember 2009

„Við vorum algerlega einangruð um okkar afstöðu. Staða Íslands var mjög þröng, enda hvíldi margt á lausn Icesave-málsins[...]“

Úr frétt Morgunblaðsins þriðjudaginn 1. desember 2009

Flýta verður afgreiðslu Icesave-málsins, bæði af ástæðum sem vel eru þekktar og einnig af ástæðum sem ekki er hægt að greina frá opinberlega. Þetta kom fram í máli Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra á Alþingi í gær.

Aðspurður segir hann vel þekkt að margt hangi á spýttunni. Meðal annars sé næsta endurskoðun áætlunarinnar með AGS í janúar, en stjórnvöld hafi skuldbundið sig til að afgreiða málið í nóvember. Það bíði í góðu samkomulagi aðila, þar til meðferð þingsins ljúki. „Menn geta bara hugleitt í hvaða stöðu sú endurskoðun væri, sem og mjög margt annað sem þessu tengist, ef málið væri þá í einhverri upplausn,“ segir Steingrímur. Þó svo að tekist hafi að semja um að fyrsta endurskoðun fari í gegn sé ekkert sem segi að svo verði um þá næstu.

Steingrímur fimmtudaginn 3. desember 2009

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra vísar því á bug að Ísland stefni í greiðsluþrot og sakar Þór um að „blása út hræðsluáróður“. „Það er alveg fráleitt að vera með slíka heimsendaspádóma og ég er nú búinn að vera á fundi með sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og þar bar ekkert slíkt á góma.“

Steingrímur föstudaginn 4. desember 2009

„Fyrir ári töldu sjálfstæðismenn fullreynt að Icesave-málinu yrði komið til dómstóla. Nú eru þeir á öndverðri skoðun. Þessi málflutningur er ábyrgðarlaus og fallinn til þess að spilla þeirri niðurstöðu sem við höfum þó náð. Ég fagna því hins vegar ef frávisunartillagan skilar því að málið verður tekið til atkvæðagreiðslu því þá komumst við aftur af stað með málið.“

Jóhanna við lok annarrar umræðu um Icesave á Alþingi þriðjudaginn 8. desember 2009

Segir að ef ekki verði gengið til samninga við Breta og Hollendinga munu þeir og önnur ríki líta svo á að Ísland hafi brugðist skuldbindingum sínum. Það myndi jafngilda greiðslufalli ríkisins. „Ríkissjóður, sveitarfélög, opinber fyrirtæki og jafnvel íslensku bankarnir yrðu væntanlega umsvifalaust felld í ruslflokka af matsfyrirtækjum og lánaþyrirgreiðsla til landsins myndi stöðvast.“

Steingrímur fimmtudaginn 10. desember 2009

„Þessar tölur eru svipaðar því sem áður hefur sést. Óánægja þjóðarinnar með Icesave-málið er skiljanleg og hefur birst okkur í ýmsum myndum að undanfögnu.“

Tæp 70% þjóðarinnar vilja, samkvæmt könnun fyrir Viðskiptablaðið, að Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, neiti að staðfesta lög um ríkisábyrgð Icesave-skuldbindinga. Rúm 60% telja að þeirrir fyrirvarar á ríkisábyrgðinni, frá því frumvarp þar um var samþykkt í sumar, hafi verið til verri vegar.

Steingrímur föstudaginn 11. desember 2009

„Því við munu gera allt sem við getum til að klára þetta verkefni fyrir áramót og það verður ekki hikað við að funda eins og lífsins mögulegt er til að klára þetta.“

Jóhanna miðvikudaginn 30. desember 2009

„Það er s.s. mikið hættuspil að hafna Icesave-frumvarpinu. Það er sömuleiðis ekki kostur að draga samþykkt þess og fresta samþykkt þess enn um vikur eða mánuði. Slíkt er einnig hættuspil.“

Steingrímur þriðjudaginn 5. janúar 2010, daginn sem forsetinn synjaði Icesave-lögnum

„Verkefni morgundagsins er að draga úr þeim skaða sem orðspor Íslands hefur beðið og byggja trúverðugleikann upp að nýju, en þar hafði okkur miðað nokkuð áleiðis.“ Hann kvaðst telja að nokkurn tíma gæti tekið að vinna lánshæfismat Íslands upp að nýju. „Það er ákaflega sorglegt að það skyldi hrapa því það var lagt af stað í hina áttina. Matið var hins vegar ekki nema daginn að falla niður í

ruslflokk. Núna skiptir hins vegar öllu að róa ástandið niður og á fundum okkar með aðilum vinnumarkaðarins voru allir sammála um að lágmarka ókyrrðina.“

Steingrímur miðvikudaginn 6. janúar 2010

„Við höfum þurft að vinna mjög hratt til að róa ástandið svo ákvörðun forseta Íslands valdi sem minnstum skaða.“

Steingrímur þriðjudaginn 2. febrúar 2010

„Ég trúir því að innan skamms komi fram ýmsar upplýsingar sem muni skýra í hversu erfiðri stöðu stjórnvöld hafa verið í raun og veru frá upphafi í þessu máli vegna forsögunnar. Það mun varpa ljósi á samhengi hlutanna, m.a. hversu varhugavert það gæti verið fyrir Ísland sjálft ef þetta mál lenti fyrir dómstólum [...] Menn hljóta að skilja gagnaðilana. Þeir eru ekki spennir fyrir enn einum óvissuleiðangrinum í viðræðum við okkur.“

Steingrímur þriðjudaginn 9. febrúar 2010

„Ég er löngu búinn að læra það í þessu máli að það borgar sig ekki að taka upp neina sigra fyrirfram. Við skulum einfaldlega sjá hvað verður. Það er að minnsta kosti verið að reyna og það verður þá ekki sagt að það hafi ekki verið gert.“

Steingrímur þriðjudaginn 23. febrúar 2010

„Þetta er auðvitað viðkvæmt ástand sem er snúið við að eiga en það er áfram til staðar í báðum löndunum mikill vilji til að leysa þetta og klára þetta núna. Og auðvitað hjá okkur líka því að við höfum tækifæri til þess núna sem er ekkert víst að komi upp í hendurnar á okkur í bráð [...] Ég átti gott samtál við Myners og lagði áherslu á að næsta skref væri að okkar fulltrúar gætu hist.“

Steingrímur þriðjudaginn 2. mars 2010

„Ég held að það sé sorglegt ef það tekst ekki að klára þetta Icesave-mál núna, þar sem menn hafa eytt ómældum tíma og orku í málið og hafa nálgast heilmikið.“

Steingrímur föstudaginn 5. mars 2010

Steingrímur segir það myndu verða Íslandi mjög dýrt ef Icesave-málið myndi dragist lengi enn. „Við höfum ekki efni á því. Við höfum ekki stöðu til þess að láta þetta dragast mjög lengi með öllum skaðlegu áhrifunum sem það hefur í efnahagslegu tilliti.“

Steingrímur sunnudaginn 14. mars 2010

„Það hefur reynst aðeins þyngra að koma þessu af stað aftur en við höfðum vonað og það eru ákveðnar ástæður fyrir því en það hjálpar ekki málinu mikið að vera að úttala sig um það.“ Enn hafa engar ákvarðanir verið teknar um áframhaldandi samningaviðræður vegna Icesave-málsins.